



# Stefna um innra eftirlit Landsbankans

---

Stefna nr. 201407-0355-2 | Samþykkt útgáfa desember 2016 | Endurskoðun 2018 | Bankaráð

# STEFNA LANDSBANKANS UM INNRA EFTIRLIT

Landsbankinn leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar og að viðskiptavinir upplifi bankann sem traustan samherja í fjármálum. Til að ná markmiðum sínum tekur bankinn aðeins áhættu sem hann skilur, getur metið og mætt. Virkt innra eftirlit er einn af hornsteinum öflugrar áhættustjórnunar og á að stuðla að því að bankinn starfi í samræmi við áhættustefnu og áhættuvilja.

## 1. MARKMIÐ INNRA EFTIRLITS

Innra eftirlitskerfi bankans á að veita bankaráði og stjórnendum hæfilega vissu um að neðangreind markmið náist:

- » Stefna bankans, markmið og áætlanir gangi eftir.
- » Hagkvæmni og arðsemi ráði öflun og nýtingu aðfanga og að lögð sé áhersla á gæðastarf og reglulegar umbætur.
- » Eignir bankans, svo sem mannauður, kerfi, aðrar efnislegar eignir, upplýsingar og orðspor, séu varin með viðunandi hætti.
- » Gögn og upplýsingar sem gefnar eru út og dreift jafnt innan sem utan bankans séu viðeigandi, réttar og tímanlegar.
- » Stjórnendur og starfsmenn starfi í samræmi við stefnur, reglur, verklagsreglur og áætlanir bankans og virði lög, reglugerðir og tilmæli sem gilda um starfsemi bankans.

## 2. SKILGREINING INNRA EFTIRLITS

Innra eftirlit er ferli sem er mótað af stjórnendum og starfsmönnum Landsbankans. Innra eftirlit felur í sér allar þær aðgerðir sem gripið er til með það að markmiði að styðja við, stjórna, takmarka eða vakta tiltekna starfsemi og auka þannig líkur á að bankinn nái settum markmiðum. Meðal þátta sem teljast til innra eftirlits er stjórnskipulag, ábyrgðarskipting, stefnur, reglur, ferlar, vinnulýsingar, staðlar, kerfi, spár, áætlanir, skýrslur og ýmis búnaður.<sup>1</sup>


Megin þætti innra eftirlits má greina í *eftirlitsumhverfi*, *áhættumat*, *eftirlitsaðgerðir*, *upplýsingar* og *samskipti og stjórnendaeftirlit*. Þessir grunnþættir innra eftirlits eru samofnir öllum starfsþáttum bankans:

- » *Eftirlitsumhverfið* felur í sér stjórnarhætti og stjórnskipulag bankans sem og viðhorf stjórnenda til innra eftirlits og mikilvægi þess. Eftirlitsumhverfið samanstendur af eftirfarandi þáttum:
  - » Heilindum og siðfræðilegu gildismati
  - » Viðhorfi stjórnenda
  - » Stjórnskipulagi
  - » Framsali valds og ábyrgðar
  - » Mannauðsstefnu og framkvæmd hennar
  - » Færni starfsmanna
- » *Áhættumat* er greining á innri og ytri þáttum sem geta haft áhrif á sett markmið, mat á áhrifum þeirra og mikilvægi. Áhættumat skapar grundvöll að viðeigandi viðbrögðum við áhættum þannig að áhættutaka sé í samræmi við áhættuvilja.
- » *Eftirlitsaðgerðir* eru allar þær aðgerðir sem tilheyra daglegri starfsemi og er ætlað að draga úr áhættu á því að bankinn nái ekki markmiðum sínum.
- » *Upplýsingar* og *samskipti* fela í sér viðeigandi, rétta og tímanlega upplýsingagjöf sem auðveldar stjórnendum að taka ákvarðanir og miðla upplýsingum til hagsmunaaðila.
- » *Stjórnendaeftirlit* felur í sér viðvarandi vöktun og einstakar prófanir á virkni eftirlitsaðgerða sem notaðar eru til að sannreyna að allir fimm þættir innra eftirlits séu til staðar og virkir.

---

<sup>1</sup> Sawyer, Dittenhofer og Scheiner. (2003). *Sawyer's Internal Auditing*. Altamonte Springs, FL: The Institute of Internal Auditors bls. 82-86.

Meðfylgjandi mynd sýnir samhengi stefnu bankans og megin þátta innra eftirlits.<sup>2</sup>



### 3. ÁBYRGÐ OG HLUTVERK

Eftirlit er á ábyrgð bankaráðs og stjórnenda og órjúfanlegur hluti af stjórnun og rekstri bankans.

*Bankaráð* ber ábyrgð á að koma á virku kerfi innra eftirlits. Það aflar og fær staðfestingu á að stjórnarhættir, áhættustjórnun og innra eftirlit bankans sé árangursríkt.

Þegar bankaráð felur aðilum innan bankans framkvæmd á tilteknum þáttum innra eftirlits skal bankaráð vera upplýst um til hvaða aðgerða er gripið og hvernig þær takmarka áhættu. Þegar ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits er falin tilteknum starfseiningum eða stjórnendum innan bankans skal það gert með formlegum hætti og á þann hátt að enginn vafi leiki á um hvar ábyrgðin liggur og hvernig brugðist er við frávikum.

*Bankastjóri og framkvæmdastjórar* bera ábyrgð á að skapa það hugarfar, gildi og viðhorf innan bankans sem heldur á lofti mikilvægi innra eftirlits og eykur þannig líkur á því að innra eftirlit bankans sé árangursríkt. Bankastjóri og framkvæmdastjórar skulu innleiða og starfrækja innra eftirlitskerfi sem stuðlar að því að áhættuvilji og markmið bankans gangi eftir.

*Almennir stjórnendur* bera ábyrgð á að:

- » Greina og meta áhættu er tengist þeim starfspáttum sem þeir eru í forsvari fyrir.
- » Innleiða stefnur, áætlanir, reglur, verklagsreglur, verkferla, kerfi og aðrar aðgerðir til að forðast, draga úr, og/eða takmarka greinda áhættuþætti.
- » Innleiða hagkvæma ferla sem stuðla að því að starfsmenn framfylgi starfsskyldum sínum og ábyrgð þannig að markmið bankans náist.
- » Viðhalda virkni ferla bankans meðal annars með viðvarandi vöktun og stuðla að stöðugum endurbótum á þeim.

*Starfsmönnum* ber að starfa samkvæmt þeim ferlum sem bankinn hefur innleitt. Starfsmenn þurfa að þekkja tilgang og eðli þeirra eftirlitsaðgerða sem þeir framkvæma. Þeir þurfa að vera vakandi fyrir rétttri virkni eftirlitsaðgerðanna og upplýsa stjórnendur ef þeir telja að eftirlitsaðgerðum sé áfátt eða að eftirlit sé ófullnægjandi miðað við þau markmið sem bankinn hefur sett sér.

*Innri endurskoðun* ber ábyrgð á að staðfesta að ferlar sem innleiddir hafa verið til að hafa eftirlit með starfsemi bankans séu viðeigandi og árangursríkir. Innri endurskoðun ber einnig ábyrgð á að upplýsa bankaráð,

<sup>2</sup> Finna má nánari umfjöllun um megin þætti innra eftirlits í COSO eftirlitslíkaninu, sjá COSO Internal Control – Integrated Framework. Rittenberg, Larry (2013). The IIA research Foundation.

endurskoðunarnefnd og stjórnendur um hvort innra eftirlitskerfi bankans sé viðeigandi og árangursríkt og koma með ábendingar og ráðgjöf um hvernig bæta megi innra eftirlitskerfið.

*Endurskoðunarnefnd* hefur eftirlit með og leggur mat á störf og ábyrgð stjórnenda, Innri endurskoðunar og ytri endurskoðanda á sviði innra eftirlits bankans. Endurskoðunarnefnd ber einnig að sannreyna að brugðist sé með fullnægjandi hætti við þeim ábendingum sem Innri endurskoðun, ytri endurskoðendur og aðrir eftirlitsaðilar hafa gert. Þá ber Endurskoðunarnefnd að upplýsa bankaráð um öll mikilvæg mál sem nefndin fjallar um og varða eftirlitsferli og innra eftirlitskerfi bankans.

*Áhættunefnd* er ráðgefandi fyrir bankaráð að því er varðar eftirlit bankaráðs með innleiðingu áhættustefnu bankans og fjallar um tillögur stjórnenda til úrbóta ef í ljós koma alvarleg frávik frá áhættustefnu.

#### 4. Fyrsta, annars og þriðja stigs eftirlit

Framkvæmd innra eftirlits má aðgreina eftir framkvæmd og því hverjir framkvæma það.

*Fyrsta stigs eftirlit* er á ábyrgð stjórnenda starfseininga en þeim ber að tryggja að áhættustjórnun og innra eftirlit sé órjúfanlegur hluti af daglegri starfsemi bankans. Stjórnendur skulu með virkum og reglubundnum hætti greina og meta þá áhættu sem steðjar að starfseminni sem þeir bera ábyrgð á. Stjórnendur skulu leggja mat á hvort breytingar í rekstrarumhverfi bankans fela í sér tækifæri eða ógn fyrir viðkomandi starfsemi, innleiða eftirlitsaðgerðir í ferla, vakta þær og upplýsa um virkni þeirra.

*Annars stigs eftirlit* er á ábyrgð sérstakra eftirlitseininga svo sem Regluvörslu, Áhættustýringar, Fjármála, Lögræðideildar og Mannauðs en hlutverk þeirra er að móta innra eftirlitskerfi bankans með því að setja fram tillögur að stefnum og aðferðafræði á sviði innra eftirlits sem er í samræmi við stefnumörkun bankans. Þessar eftirlitseiningar styðja við innleiðingu á samþykktum stefnum og aðferðafræði á sviði innra eftirlits, þjálfa starfsmenn og sannreyna og staðfesta að starfsmenn fylgi stefnum og reglum bankans.

*Þriðja stigs eftirlit* er á ábyrgð óháðra eftirlitseininga svo sem Innri endurskoðunar, ytri endurskoðanda og annarra óháðra eftirlitsaðila. Hlutverk þeirra er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Óháðar eftirlitseiningar skulu með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum staðfesta virkni bæði fyrsta og annars stigs eftirlits, veita ráðgjöf um það sem betur má fara og þannig leggja mat á og bæta virkni áhættustjórnunar, eftirlitsaðgerða og stjórnarháttá bankans.

